

Hornafjörður
Anna Bragadóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 24. október 2023
UST202310-263/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýtt deiliskipulag - Víkurbraut 1 og 5, Álaugarvegur 2 og Heppuvegur 5 og 7 á Höfn.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýju deiliskipulagi fyrir miðsvæði sem nær til Víkurbrautar 1 og 5, Álaugarvegur 2 og Heppuvegur 5 og 7 á Höfn í Hornafirði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að lóð Álaugavegar 2 er breytt úr AT1 í M1 og stækkar miðsvæðið úr 14,8 ha. í 15,3 ha. Auk þess segir að þá er einnig heimilt að byggja allt að fjögurra hæða háar byggingar í stað þriggja á miðsvæðinu.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri